

um, hefir því alls ekki á neinn hátt verið íþyngt þótt fasteignaskattur hafi verið lagður á fasteignir, ef bankinn óskar að gerast fasteignaeigandi og leigusali, sem telja verður að liggja alveg utan við venjulega bankastarfsemi, verður hann að því leyti að hlýta sömu lögum og aðrir fasteignaeigendur.

Þessi skilningur virðist og hingað til hafa verið banka-
stjórnarinnar sjálfrar því hún hefir umyrðalaust hingað til greitt opinber gjöld þau, sem af fasteignum bankans hafa verið krafín.

Fógetarjetturinn verður því að álita að gjald það sem krafist er lögtaks fyrir, sje löglega álagt og að hið umbeðna lögtak eigi að hafa framgang.

=====
Miðvikudaginn 29. febr. 1928.

Nr. 120/1927.

Valdstjórnin (Kalman)

gegn

Fritz von Bustel (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 22. okt. 1927: Kærður Fritz von Bustel á *strax* að greiða 12500 króna sekt til Landhelgisjódís Íslands, en aflána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi fáist sektin ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum »Henry P. Newman« H. C. 152 frá Cuxhaven, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er sannað með skýrslu varðskipsins »Þórs« og viðurkenningu kærða, að kærði hafi árdegis 21. okt. f. á. verið staddur innan landhelgi út af Ingólfshöfða og dregið þar vörpu sína úr sjó og kastað henni útbyrðis aftur. Með þessu hefir kærði brotið 1. gr. laga

nr. 5/1920 og má því fallast á ákvæði lögreglurjettardómsins um refsingu kærða, upptöku afla og veiðarfæra og um greiðslu málskostnaðar.

En þar sem dómariinn hefir enn þrátt fyrir margendurteknar leiðrjettingar, brotið bein fyrirmæli 1. gr. laga nr. 13/1925 um frestveitingu til sektagreiðslu, þá verður að breyta dóminum að því leyti og jafnframt víta dómariann fyrir þá vangæslu.

Eftir þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, m. a. málflytningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, er ákveðast 100 kr. handa hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Fritz von Bustel, greiði 12500 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, eða sæti 7 mánaða einföldu fangelsi, fáist sektin ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Ákvæðum lögreglurjettardómsins um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað í hjerði skal óraskað.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað, m. a. málflytningslaun sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflytningsmannanna Björns P. Kalman og Jóns Ásbjörnssonar, 100 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Kærði í máli þessu, Fritz von Bustel, fæddur 19. júní 1897, hefir viðurkent, eins og skýrsla skipherrans á varðskipinu »Þór« ber með sjer, að hafa verið staddur á landhelgisvæðinu snemma morguns í gær við Ingólfshöfða á skipi sínu

togaranum »Henry P. Newman« H. C. 152 frá Cuxhøven, með veiðarfæri í sjó og að kasta þeim út þegar varðskipið kom að. Einnig er viðurkennt af kærða að hafa dregið upp vörpuna nokkru áður og skipið legið kyrt (með stöðvaða vjel) frá því byrjað var á því og þangað til »Þór« kom að þeim. En á meðan rak skipið fyrir straumi og ekki með meiri hraða en 200—300 metra á klukkustund eftir áætlun 1. stýrimanns varðskipsins. Neitar kærði að með þessu sje sannað, að hann hafi verið að ólöglegum fiskiveiðum, heldur aðeins brot gegn ákvæðum laganna um umbúnað veiðarfæra þegar togari er í landhelgi. Á þetta verður þó ekki fallist heldur verður að álita að fiskiveiðar með botnvörpu í landhelgi sjeu byrjaðar jafnskjótt sem vörpunni er kastað í sjó á landhelgissvæðinu í því skyni að fiska. En það verður ávalt að telja tilætlunina nema annað sannist og er ekki um slíkt að ræða í þessu tilfalli.

Það verður því þegar af þessu að álita sannað í málinu að kærði hafi gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 5. 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum og þar sem hjer er að ræða um fyrsta brot kærða gegn þessum lögum og með hliðsjón af því að dagsgengi krónunnar er kr. 81,97 úr gullkrónu telst refsing hans hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr. 12500, sem greiðist nú þegar og rennur í Landhelgissjóð Íslands. En faist hún ekki greidd á kærði að afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áður-nefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins sem er orðinn og verður.

Mánudaginn 5. mars 1928.

Nr. 97/1927.

Rjettvisin (Guðm. Ólafsson)
gegn

Hannesi Jónssyni (Fjeldsted).

Undanskot eigna við gjaldprot.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 14. okt. 1927:
Ákærður Sveinbjörn Sveinbjörnsson skal vera sýkn af ákæru rjettvisinnar í þessu máli.

Ákærður Hannes Jónsson sæti eins árs betrunarhúsvinnu